

Háskóli Íslands  
Haustönn 2010  
Hnattvæðing MAN317M

## **Vöxtur félagslegra verkefna í hnattrænni umgjörð**

Nemandi:  
Stefán Kristmannsson

Kennarar:  
Kristín Loftsdóttir  
Unnur Dís Skaptadóttir

## **Inngangur**

Fyrsti vísir af félagslegum verkefnum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) var svokölluð fullorðinsfræðsla. Hún hófst í Lüderitz (og síðar Walvis Bay) í Namibíu þegar sérstaklega áhugasamar íslenskar konur nálguðust systur sínar í fátækustu hverfum fiskibæjarins og hófust handa með lestrarkennslu og koma þeim til sjálfshjálpar. Sem verkefnisstjóri ÞSSÍ í landinu varð ég vitni að þessari ótrúlegu uppákomu. Með vitund og samþykki bæjaryfirvalda spratt þetta samstarf úr grasrótinni með sjálfboðavinnu íslensku kvennanna sem voru eiginkonur starfandi starfsmanna ÞSSÍ í landinu. Samstarfið óx fljótt án hefðbundinna áætlanagerða eða samninga milli ríkisstjórna samstarfslandanna, heldur varð ímyndin um lestrarkennslu ólæsra einstæðra mæðra auðveld söluvara bæði fyrir stjórnendur og landsmenn almennt á Íslandi. Þetta verkefni var heldur ekki dýrt í rekstri. Ímyndin af upplyftingu þessara fátæku kvenna spilaði stóran hlut í vöxt verkefnisins og útbreiðslu þess til annarra samstarfslanda Íslendinga. Í hnattrænni veröld er ímyndin félagslegt afl sem nær yfir landamæri þjóða, (Appadurai 2008:52).

Nýlegt hugtak sem fræðasamfélagið er farið að tala um er hnattvæðing. En er hún ný, eða var hún ekki alltaf til? Þetta er skilgreiningaratriði því annars vegar er það orðræðan og hins vegar heimsviðburðir. Þannig má segja að allt frá því að menn leituðu út frá Afríku fyrir hundrað þúsund árum, til landafunda Kólumbusar, var vitaskuld um byltingasama hnattvæðingu að ræða. Oft er minnst á nýlendutímabilið á nítjándu öld sem dæmi um þekkta hnattvæðingu með auknum viðskiptum og flutningum. Í orðræðunni hafa mannfræðingar velt þessu fyrir sér og vilja skilgreina síðustu tugi ára sem nýtt tímabil sem einkennist af meiri hraða, nýrri samskiptatækni og flóknari fólksflutningum en áður hefur þekkt, (Inda og Rosaldo 2008:37).

Í þessum skrifum vil ég greina frá tilurð félagslegu verkefnanna í Namibíu í þeirri umgjörð sem hnattrænn heimur hefur skapað. Fyrst ætla ég að skoða kenningar um breyttan heim hnattvæðingar og draga fram þá þætti sem hafa skapað nýtt umhverfi ímyndana á vettvangi. Næst segi ég frá tilurð félagslegra verkefna í þróunarsamvinnu Íslendinga í Namibíu og fjalla um þau. Að lokum verður rætt um menningaráhrif þeirra í ljósi hnattrænna ferla.

## **Hnattvæðing**

Ef farið er nokkuð tilbaka í orðræðunni fjallar Giddens um þjóðfélagslega byltingu sem varð með nútímavæðingu þegar tími og rými urðu afstæð hugtök. Staðbundinn tími gerðist alþjóðlegur og rými yfirgaf staðinn og tengdist fjarveru auk nærverunni. Staðurinn verður síbreytilegur og er gagntekinn og mótaður af félagslegur áhrifum í fjarlægð. Staðurinn byggist ekki aðeins upp á því sem er nærri honum á vettvangi heldur dylur sjáanleiki hans fjarlæg tengsl sem ákveða eðli hans, (Giddens 1990:18-19). Hnattvæðingin hefur í för með sér aukningu á hnattrænum félagssamskiptum sem tengja fjarlæga staði þannig að starfsemi í einum eru undir áhrifum á starfsemi í öðrum sem er hinu megin á hnettinum. Félagssamskiptin víkka út yfir öll landamæri en á sama tíma skerpast sérstæðar ímyndir, (Giddens 1990:64-65).

Held og félagar (1999:16) benda á að gagnlegt sé að skilgreina hnattvæðingu sem ferla sem umbylta rými á skipulagi félagslegra tengsla og samskipta, skapa flæði innan og milli svæða, og tengslaneta starfsemi, samskipta og valda. Helstu einkenni:

- a) útvíkkun starfsemi (félagslegrar, stjórnálalegrar og hagrænnar) útyfir mörk svæða
- b) aukning samskipta og flæðis viðskipta, fjárfestinga, fólksflutninga og menningar

- c) aukin hnattræn samtenging leiðir til aukins hraða hnattrænna samskipta og ferla um leið og þróun flutninga og fjarSKIPTA auka hraða á dreifingu hugmynda, upplýsinga, varnings, fjármuna og fólks
- d) spor hnattrænna ferla verða dýpri, þar sem staðbundinn atburður geti haft miklar hnattrænar afleiðingar sem leiðir til óljósra marka hins staðbundna og hins hnattræna.

Ein afleiðing hnattvæðinginnar í aukinni útvíkkun og tíðni eru því óskýr skil milli þess hnattræna við hið staðbundna eins og Giddens benti á. Þannig á meðan fólk lifir sínu venjulega lífi á hverjum stað, eru þeir staðir að einhverju leyti orðnir hnattrænir undir áhrifum fjarlæggra atburða á sama hátt og staðbundin þróun getur haft hnattrænar afleiðingar, (Held et al, 1999:15). Við lifum á tímum hreyfanleika, flæðis hluta, fólks og hugmynda en myndin er alls ekki skýr.

Í yfirlitsgrein kynna Ina og Rosaldo (2008:6) hugtakið út frá mannfræðilegu sjónarhorni sem aukinni innri tengingu heimsins sem bregður upp mynd, fullri af hreyfingu, samböndum og tengslum, og viðvarandi samskipti menningaheima og víxláhrifa. Það er að segja, hnattvæðing snýst um flókin hreyfiferli og millisambönd sem einkenna heiminn í dag, hann hefur aldrei verið eins samtengdur í tíma og rúmi eins og nú. Landamæri hafa opnast með fleira fólki á ferðinni og mismunandi menningaheimar mætast í auknum mæli.

### **Ímyndin verður félagslegt afl**

Appadurai skýrir flókna hnattrænu vegna grundvallar misræmi milli hagkerfis, menningar og stjórn mála heimsins . Til að kanna misræmið skilgreinir Appadurai víddir þjóðernis, tækni, fjármagns, fjölmiðlunar og hugmynda sem meginþætti meðal hnattrænna menningarstrauma. Víddirnar mynda ímyndaðan heim fólks sem eru byggðar á atburðum í sögu fólks og hópa víðs vegar um veröldina, (Appadurai 2008:50-52). Margir lifa því í slíkum ímynduðum heimi allt í kring um okkur. Appadurai skýrir hina nýju hnattvæðingu við það þegar ímyndin verður samfélagslegt afl. Fleiri taka undir þessa skilgreiningu, til dæmis þegar hún birtist í samtakamætti almennings í andófi gegn stefnu alþjóðastofnanna, (Stiglitz 2002:9).

Skoðum áfram þjóðernisvíddina. Hún samanstendur af breytilegum heimi ferðafólks, innflytjenda, flóttafólks, útlaga, gestavinnafls, og fleiri hreyfanlegra hópa og einstaklinga. Þjóðernisvíddin myndar nauðsynlegan hluta heimsins sem virðist hafa töluverð áhrif á stjórn mála þjóða sem aldrei fyrr. Samfara þessari vídd fólks eru víddir ímynda sem Appadurai nefnir víddir fjölmiðlunar og hugmynda, (2008:53). Fjölmiðlavíddin tekur bæði yfir dreifingu ímynda með fjölmiðlum sem hafa tekið miklum tæknilegum framförum undanfarin ár, og einnig ímyndir heimsins skapaðar af þessum fjölmiðlum. Hugmyndavíddin nær yfir ímyndir sem bera með sér stjórn málalegt innihald svo sem vald. Þær koma upphaflega frá upplýsingastefnunni um lýðræði og fela í sér til dæmis frelsi, velferð og mannréttindi. Stutt er skrefið í hugmyndavídd jafnréttis. En hvernig berast hugmyndirnar milli landa, frá aðalmiðju til útiliggjandi svæða, út til fólksins? Í ljósi skilgreiningar hnattvæðingar er hægt að skoða tengsl manlegra samskipta milli heimsálfa, sérstaklega menningarlegra samskipta eða flæðis hugmynda milli þverþjóðlegra hópa, til dæmis kvenna. En flæðið er misjafnt og sum staðar, t.d. í Afríku situr fólk eftir án sjánlegrar þátttöku í hnattrænum ferlum. Stöðnun, útilokun og sambandsleysi eru því enn til í heimi sem virðist vera hraðbyri að ganga saman.

Hannerz vekur máls á skorti á umræðu um hvernig hugmyndir og opinber framsetning þeirra er framkvæmd í stórum og flóknum samfélögum þriðja heimsins og hafi menningarleg áhrif á venjulegt fólk, (1987:547). Menning þriðja heimsins hefur alltaf tekið miklum breytingum frá fyrstu tíð. Þetta eru fjölmenningsamfélög

sem takast á við nýja strauma sem eru meðteknir fyrst í stærstu borgunum af menntafólki þar sem stjórnvöld gjarnan sitja. Fólki í stórborgum vegna stöðu sinnar verða fyrir beinum áhrifum menningarstrauma sem síast út til sveitanna sem verða fyrir óbeinni áhrifum. Á milli eru stór opin kerfi menningatengsla í bæjum og byggðakjörnum. Fólki kynnist þeim ef til vill fyrst sem nokkuð framandi, en innihald menningastrauma kemst einhvern veginn til skila og tekur á sig nýjar myndir, mismunandi lífseigar, í síbreytilegri iðu samfélagshópa. Í framhaldi af hugleiðingu um menningarhugtakið notar Hannerz samlíkingu við málblendinga (hrognamál) í málvísindum, (1987:551). Í heimi fjölmenningar og fólksflutninga verður blandan samsetning menninga sem koma úr ólíkum áttum, sem hefur haft tíma til að þróast og aðlagast, orðin ítarleg og útbreidd. Innihaldið er í sífellri þróun víxlverkandi þátta menningamynda, mismunandi virkra og sýnilegra. Fjölbreytileiki verður lífsgjafi menningar, margbreytileiki og flæði hennar áskorun í stað uppgjafar, (Hannerz 1987:556). Efnahagur og vald spila hér hlutverk. Hver stýrir menningunni í þriðja heiminum? Vissulega skiptir menntun máli í tileinkun menningar. Ríkt fólk sækir menntun til útlanda og sest að í stórborgunum. Frá því berast straumar og innrætinging er í menntakerfinu. Á móti er alþýðumenningin sem kemur eftir öðrum leiðum, tíska, tónlist, auglýsingar. Bæði áreita inngróin gildi fólks. Þá kemur spurningin hversu móttækilegt er fólk fyrir hugmyndum um til dæmis jafnrétti og hver hefur áhrif á það? Hvaða möguleika hefur hinn mikli fjöldi fólks í byggðum Afríku, t.d. Namibíu, að tileinka sér nýjar hugmyndir til framdráttar í hnattrænum heimi?

Appadurai (2000:2-6) veltir upp ósvörðum spurningum um afleiðingar hnattvæðingarinnar, einnig þeim sem snúa að þeim fátækustu, eins og munu fjölmiðlar nokkurn tíma beita sér í þágu þeirra?. Hugmyndir um mannréttindi berast um heiminn en það er ekki þar með sagt að þær verði upplifaðar. Skarpir staðbundnir átakspunktur geta því myndast í hnattrænu samhengi. Höfundur bendir á að þrátt fyrir aukið upplýsingaflæði er útilokun venjulegs fólks í hnattrænni umræðu áhyggjuefni. Þetta hefur leitt til þess að mótmæli hefur skapast úr grasrótinni, nýjar félaglegar leiðir farnar til að mótmæla þessari þróun og aðrar skapaðar til upplýsingaflæðis og liðsöfnunar í grasrótart hnattvæðingu. En hann bendir líka á að í hringrás hugmyndanna koma nýir möguleikar sem fólk sér til að skapa nýjar kringumstæður byggðar á félagslegum þörfum á þess eigin forsendum í alþjóðasamfélagi. Hér gegna alþjóðleg frjáls félagasamtök lykilhlutverki málsvarnar í hnattvæðingu grasrótartinnar sem þverþjóðleg tengslanet, (Appadurai 2000:15). Áberandi málaflakur í þessu sambandi eru jafnréttismál. Víða í heiminum hefur verið spenna um stöðu konunnar í samfélaginu þar sem togast á þeir sem setja jafnrétti kynja og jafnframt mannréttindi á oddinn og hinir sem líta á það sem vestræna innrás í sinn menningarheim, (Merry & Stern 2008:374). En ekki síður mikilvægt er að spyrja konurnar sjálfar því það kemur fram að þörf kvenna til atvinnu utan heimilis er oftast vegna fátæktar, ekki frelsisleitar, (Green 2008:103). Konur frá tveim ólíkum menningarheimum geta átt samspil í mismunandi langan tíma til framsóknar beggja. Vestrænar konur auka orðstí sinn við aðstoð réttislatísbaráttu kvenna annars staðar í heiminum og eiga stundum samneyti við þær sem flytjendur um einhvern tíma.

Vertovec fjallar um þá stöðu flytjenda sem eru mjög iðnir í gestalandi en samt með mikla tengingu við fólk í heimalandinu, (2004:977). Hann kallar þetta tvíheimasýn, að vera með athyglina á tveim stöðum í einu. Þetta gildir til dæmis um fólk frá Filíppseyjum á Íslandi í góðri vinnu en styður stórfjölskylduna heima með greiðslusendingum, svo sem námi yngra systkinis, (Unnur Dís Skaptadóttir 2010:41). Augljóslega má snúa þessu við þannig að tvíheimasýn getur einnig átt við um fólk frá Íslandi sem fer tímabundið til starfa erlendis sem verður umfjöllunarefnið hér.

## Þróunarsamvinna í grasrót

Fyrsta heildar úttekt á þróunarsamvinnu Íslendinga í Namibíu kom út í skýrslu Jónasar H. Haralz árið 1997 en starfið hófst á sjálfstæðisári landsins 1990. Markmið hennar var að veita stjórnvöldum yfirsýn um stöðu, hlutverk og árangur íslenskrar þróunarsamvinnu í ljósi alþjóðlegrar reynslu og þar með auðvelda þeim að marka stefnu og haga framkvæmdum í þróunarmálum, (Jónas Haralz 1997:1). Íslensk þróunarsamvinna hefur takmarkast af smæð í samaburði við aðrar slíkar alþjóðlegar stofnanir og undir stjórn Þróunarsamvinnustofnunar, ÞSSÍ, hefur þróunarstarfið einkum beinst að tvíhliða samvinnu við Afríkuþjóðir á þeim sviðum sem Ísland getur boðið sérþekkingu. Þegar íslensk þróunarsamvinna var komin vel af stað verður Namibía fyrir valinu eftir beiðni frá leiðtoga sjálfstæðishreyfingar landsins og verðandi stjórnvöldum þeirra árið 1989 um aðstoð við fiskirannsóknir. Fljótt var brugðist við og starf íslenskra ráðgjafa í fiskveiðum og hafrannsóknnum hófst strax í júlí 1990. Þessi verkefni voru uppistaðan í verkefnum í samstarfslöndum ÞSSÍ sem voru öll í Afríku á þessum tíma. Fyrir utan þau sinnti ÞSSÍ nokkrum verkefnum félagslega eðlis sem beindust að starfi meðal kvenna. Þau verkefni tengdust meginverkefnunum með þeim óbeina hætti, að starfsmenn ÞSSÍ og fjölskyldur þeirra með dvöl sinni í landinu, komust í kynni við staðaraðila sem gerðu framkvæmdina mögulega, (ibid:22). Í Namibíu nefndist félagslega verkefnið einfaldlega fullorðinsfræðsla og var fyrst af sinni tegund. Eins og áður kom fram var verkefnið í höndum íslenskra eiginkvenna starfsmanna ÞSSÍ og snerist um lestrarkennslu einstæðra mæðra fyrst og fremst. Um framtíð þróunaraðstoðar í skýrslu Jónasar er ekkert minnst á tilverurétt félagslegu verkefnanna né heldur mikilvægi framlags íslensku kvennanna.

Í álitserð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana sex árum síðar er talað um kosti smæðar í íslenskri þróunaraðstoð og sveigjanleikanum sem það hefur skapað í starfinu svo sem fljótur viðbragðstími og aðlögun að aðstæðum, (Hilmar Ingólfsson og Jónas Haralz, 2003:24-25). Um leið er gagnrýnt að verkefni hafi ekki verið nógu vel undirbúin sem skildi og dró það úr skilvirkni þeirra. Jafnframt er talið að starfsemin hafi færst í fastari skorður og alþjóðlegum reglum fylgt um undirbúning, eftirlit og mat. Í umræðu um árangur í verkefnum samstarfslanda er talað um eignarhald á verkefnum. Það eru leidd rök að því hve rekja má slakan árangur í fiskimálaverkefnum til þess að eignarhaldið hafi sjaldan verið í höndum heimamanna. Undantekningar eru þó til og eru tiltekin félagsleg verkefni í Namibíu þar sem nán tengsl mynduðust við heimamenn frá upphafi. Nánar er sagt um félagsleg verkefni að þau hafi upphaflega byggst á framtaki íslenskra og namíbískra kvenna sem búsettar voru í hafnarbæjunum Walvis Bay og Lüderitz. Íslensku konurnar störfuðu sem sjálfboðaliðar eða í hlutastarfi með nokkrum fjárstuðningi frá ÞSSÍ. Var einkum að ræða fullorðinsfræðslu kvenna og barnagæslu í sambandi við hana, (ibid:56). Það var ekki fyrr en árið 1999 sem sérstakur ráðgjafi er ráðinn til verkefnisins og starf um formlega umgjörð þess mótuð. Útvíkkun varð á félagslegu verkefnunum í framhaldinu og þau voru orðin fimm talsins árið 2003 í Namibíu. Einnig var stofnað til fleiri slíkra í öðrum samstarfslöndum ÞSSÍ, bæði Malawi og Uganda. Það sem kemur fram í þessu yfirliti um íslenska þróunarsamvinnu er að óformleg og lítt undirbúin verkefni sem verða til í nánnum tengslum við heimamenn í grasrótinni er síst til þess fallin að mistakast frekar en hin sem mikill undirbúningur embættismanna stendur að. Reyndar getur ferill þeirra jafnvel orðið að breiðast út til fleiri landa og verða að nokkurs konar flaggskipi samstarfsins. Hvaða fleiri þættir til áhrifa gætu komið til greina í þessu sambandi? Vert er að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum umtals, heimsóknna, og frétttaflutnings af starfinu. Líklegt er að sterk jákvæð ímynd hafi myndast í þessu göfuga starfi íslensku kvennanna sem


sjálfbóðar góðgerðar. Einnig voru njótendur kennslunar hópar kvenna sem höfðu borið lítið úr býtum í lífsbaráttunni í erfiðri aðstöðu fátækrahverfa bæjarsamfélagsins. Er ekki hugsanlegt að þessir ímyndir hafi undirbyggt velgengni verkefnisins í fullorðinsfræðslu í Namibíu?

Mín reynsla er að farsæl þróunarsamvinna snúist um menntun þegar upp er staðið. Eyðing fátækta er langtímamarkmið þróunarsamvinnu og menntun leiðin að því marki. Að taka þátt í þróunarsamvinnu er að miðla af kunnáttu sinni og byggja upp fólk með kennslu og þjálfun. Þegar best tekst til verður sá lærdómur þjóðinni viðvarandi til framfara og alltaf mun sá einstaklingur sem þjálfunina meðtekur búa að henni svo lengi sem hann lifir. Það tekur enginn menntun af fólki. Hér vil ég fara til baka og hugleiða það verkefni sem óx og varð farsælt í Namibíu, fullorðinsfræðslu eða félagsleg verkefni, hvernig það varð upphaflega til. Staðreyndin er sú, að þetta verkefni var ekki áætlað fyrirfram í upphafi. Heldur var brugðist við þörf sem var fyrir hendi á jákvæðan hátt með fullum stuðningi að heiman. Spurningin er, hvort slíkt verkefni hefði getað orðið til í fyrirfram skipulagningu með yfirvöldum eins og gert var í öðrum verkefnum, svo sem í ráðgjöf í haf- og fiskifræði? Hver þykir merkilegastur árangur þessara verkefna í dag? ÞSSÍ starfaði á þessum fyrstu árum með aðkomu í tiltekin verkefni en með vissu svigrúm ef á reyndi.

Fullorðinsfræðsla var upphaflega rekin af námufyrirtækinu Rössing Foundation á kvöldin fyrir sitt starfsfólk í Lüderitz, bæði karla og konur. Komið var að því árið 1992 að stjórnendur fyrirtækisins sáu sér ekki lengur hag af því að reka kennsluna áfram. Sérfræðingur ÞSSÍ, Guðmundur S. Karlsson, sem var fluttur til Lüderitz vegna sjómannakennslu ásamt konu sinni, frétti af þessu og komið var til hans með þá ósk hvort ÞSSÍ gæti tekið að sér að styrkja verkefnið. Ekki vantaði þörfina þótt námurisinn Rössing teldi sig ekki þess umkominn að setja pening í kennsluna. Beiðnin kom frá fyrrverandi kennurum Rössing sem hafði verið sagt upp og höfðu í framhaldinu farið í stjórnámál Lüderitz bæjar. Guðmundur brást vel við, hafði samband við höfuðstöðvar ÞSSÍ í Reykjavík og kona hans, Oddbjörg Kristjánsdóttir, kom að verkefninu sem skipuleggjandi áframhaldandi kennslu í góðri samvinnu við heimafólk. Kvöldnámskeiðum í fullorðinsfræðslunni var áfram haldið og aukið. Það var aðallega lestrarkennsla í ensku sem var nýtt opinbert tungumál hins nýja ríkis. Fleiri íslenskar konur slógust í hópinn og bætt var við kennslu fyrir atvinnulausar einstæðar mæður á morgnanna og börnum þeirra gefinn málsverður í gæslu á meðan. Þannig varð til vísir að því mikla starfi sem var í upphafi rekið í sjálfbóði til að koma upp fullorðinsfræðslu bæði á kvöldin fyrir ómenntað fólk í vinnu og fyrir einstæðar mæður á daginn. Leikskóli þróaðist samhliða þessu starfi í fullorðinsfræðslu sem varð þegar tímar liðu eitt af stóru verkefnum í Namibíu, en þó ekki kostnaðarsömu. Innlendir kennarar voru ráðnir og aðstoðarfólk. Með sameiginlegum ákvörðunum gesta og heimamanna starfið þróað og um leið eignahaldið tryggt í heimabyggð. Þetta þróaðist síðar í svo kölluð félagsleg verkefni sem oft er flaggað sem vel heppnuð verkefnum í starfi ÞSSÍ í Afríku. Slík félagsleg verkefni hafa verið rekin í þeim bæjarfélögum sem annað starf ÞSSÍ var fyrir hendi; í Lüderitz, Walvis Bay og Swakopmund, og einnig víðar. Spurningin er hvort slíkt verkefni hefði orðið til á þann hátt sem raunin varð hefði ekki komið til útsjónasamt starfsfólki ÞSSÍ við störf í landinu með þeim möguleika að bregðast fljótt við ákallandi vandamálum úr sínu nánasta umhverfi.

Í upphafi var mikill skilningur fyrir verkefninu og í framhaldinu var sjónum meira beint að fleiru en samvinnu í atvinnugeiranum, (Þórdís Sigurðardóttir 1993:15). Í grein um yfirlit 20 ára sögu Þróunarsamvinnu Íslands segir að félagsleg verkefni í Namibíu hafi vaxið mjög og vakið mikla athygli, (Björn Dagbjartsson 2001:8). Framlög til félagslegra verkefna voru skiljanlega frekar lág til að byrja með. Á tíu

árum vaxa þau jafnt og þétt í Namibíu og í öðrum samstarfslöndum ÞSSÍ í Afríku. Framlög til þessa málaflokks hafa tuttugufaldast frá 1996 til 2006 (Mynd 1) og hafa verið um 10% af framlagi tvíhliða þróunarsamvinnu ÞSSÍ síðustu ár, (Ársskýrslur ÞSSÍ, 1994-2009).



(Mynd 1: Framlög til félagslegra verkefna ÞSSÍ 1994-2008)

Í þeim þjóðfélagslegu hræringum sem áttu sér stað við sjálfstæði Namibíu 1990 var grundvöllur fyrir myndun þrýstihópa sem áður var lítt mögulegt. Við nýja stjórnarskrá fengu allir þegnar sama rétt til athafna og einnig konur. Eitt einkenni nýrra félagsshreyfinga er sameiginlegt átak þeirra að skapa sér rými í samfélaginu með undirstrikun sjálfsmyndar í menningarlegu tilliti en oft veikburða getu til að breyta því. Slíkar félagsshreyfingar geta átt möguleika til breytinga á tvennan hátt. Annars vegar, með tilvísun til baráttu sinnar í sköpun félagslegs rýmis, eru þær öðruvísi samsettrar sem afl til tjáninga og valda. Hins vegar umbylta þær eldri menningarvettvangi með staðhæfingu nýrrar og breyttrar sjálfsmyndar, (Misra 2008:464). Í mati á félagslegum verkefnum í Namibíu, gerðu árið 2004, kemur fram að starfsemi ÞSSÍ hafi meðal annars leitt til aukins læsis og sjálfsefingu kvenna, þátttöku heimafólks sem leiddi til varanlegs eignarhalds og jákvæðrar valddreifingar í þróun bæjarsamfélagsins í takt við stefnu stjórnvalda, (Macdonald 2004:5). Niðurstaðan er að með tilstilli framtaks íslenskra kvenna í Namibíu hafi tekist að breyta og efla sjálfsvæðingunni namibískra kvenna þeim til framdráttar.

### Sköpun félagslegs samstarfs í hnattrænu umhverfi

Á vettvangi þróunarsamvinnu ákveða þjóðir á norðurhveli í hnattrænu átaki að leggja sitt af mörkum til aðstoðar fátækum þjóðum í suðri. Samstarf Íslands og Namibíu hefur verið tvíhliða þróunarsamvinna. Slík tvíhliða samvinna á sér stað um allan heim og þess vegna hluti hnattvæðingarinnar þótt í þrengri merkingu mætti kalla það frekar alþjóðavæðingu samkvæmt Held et al, (1999:16).

Starfsmenn ÞSSÍ í Namibíu eru greinilega þverþjóðlegir, vinna tímabundið í einu landi, þeir eru gestavinnuafli, sem kennarar eða ráðgjafar. Samfara starfinu fylgja mikil samráð við heimalandið, til að afla vitneskju, leita ráða, safna námsgögnum, öðru efni og tækjum. Hér er venjulegri tvíheimasýn viðsnúin þannig að fólk frá norðrinu, Íslandi, er tímabundin við verkefni í suðrinu, Namibíu. Flest starfsfólk snýr til heimalands að verkefni loknu. Í tilfalli Íslands hefur þetta átak síðan staðbundnar afleiðingar til styrktar einstæðum mæðrum og fleirum í fátækrahverfum Namibíu sem enginn sá fyrir.

Fjölmiðlavíddin hjálpar okkur að skilja menningu annarra. Upplýsingar berast með fólki og fjölmiðlum milli Íslands og Namibíu á nýja og fljótlegan máta. Upplýsingaflæði nútímans er gagnkvæmt. Þannig berst ímyndin af starfi í Afríku fljótt

heim og þessi ímynd er notuð til framgangs verkefna. Viðfangsefni um hjálp til þeirra sem minnst mega sín eru þekkt úr fjölmiðlum og ímyndir af fólki í neyð hafa mikil áhrif til dæmis í neyðaraðstoð. Einnig skapast ímynd af þeim ríku í huga hinna. Það eru búnar til ímyndir mismunandi menninga sem nýtast til framdráttar mörgum í Afríku. Í fjölmiðlum sést hvernig konum og börnum er beitt til að vekja upp samúð vestrænna manna þegar neyðin er nálægt þeim fyrrnefndu. Þannig verður ímyndin ýkt sem spilar á tilfinningar mögulegra gefenda. Eins er með fátækar einstæðar mæður í Namibíu. Fólk á Íslandi sér yfirborðsmynd sem höfðar til tilfinninga þeirra til að leggja liði þessum konum án tillits til margbreytileika þeirra. Ímyndin verður til og hún selst auðveldlega. Námsgögnum og öðrum gripum er safnað og sent af stað til Namibíu og fólk líður vel í sinni góðgerðarstarfsemi. Ímynd af einstæðu mæðrunum í Namibíu verður til í þessu fjarlægja landi, ímynd sem berst fólki á Íslandi með myndum og umtali, en um leið þeim til framdráttar.

Í félagslega verkefninu í Namibíu voru notuð tengsl vina og fjölskyldu til að styrkja starfið. Þetta voru sterk tengsl sem starfsfólk hafði við heimalandið og ímynduð tilvera þess í gegnum vini og vandamenn. Tengt fólk, svo sem fjölskylda og fyrrverandi samstarfsmenn komu í heimsókn og kynntust starfinu, tóku myndir og heilluðust. Við heimkomu smitar þetta útfrá sér og hópar byrja að safna efni og tækjum til að senda til Namibíu til kennslunnar. Fjölmiðlar á Íslandi eru virkjaðir og almennur áhugi vaknar. Mikla samkennd er auðvelt að skapa og fólk finnst til sín koma með góðverkum sem þessum. Það safnar saman dóti sem það er hætt að nota og fyrirtæki láta af hendi hluti sem taka pláss í geymslum. Góðvilji er yfirgnæfandi og tilfinningin að láta gott af sér leiða.

Það er hnattræn fjölmiðlavídd sem nýtist í góðum tilgangi til styrktar fátæku fólki sem hefur miklu minni aðgang að menntun en gefendurnir. Þarna hafa fátæku konurnar í Namibíu eignast styrktarfólk á Íslandi í gegnum fjölmiðlun á breiðum grundvelli, frá samtölum, útvarpsviðtölum, blaðagreinum og sjónvarpsútsendingum. Þannig hafa safnast gagnlegir hlutir fyrir fátækar konur á fjarlægju landi og um leið hjálpað til eflingar konum í fiskibæjum Namibíu.

## **Lokaorð**

Niðurstaðan er sú að þetta dæmi um farsælt verkefni Íslendinga í þróunarsamvinnu í Namibíu hafði upphaf sem erfitt var að sjá fyrirfram. Hugmyndin kom ekki upp þegar fyrstu sendinefndir gerðu áætlanir til framtíðar um þróunarsamvinnu milli Namibíu og Íslands. Sum verkefni spretta einfaldlega upp úr starfsumhverfinu sem áhugasamir starfsmenn með opin augu og eyru meðtaka og sjá fyrir úrlausnir. Að sjálfsögðu getur framhaldið orðið aðeins með fullum stuðningi stjórnar ÞSSÍ. Ef vel tekst til geta verkefni orðið stór og farsæl með tímanum til virðisauka fyrir alla. Ég tel engan vafa á að frumkvæðisréttur kvenna hefur aukist við þátttöku í félagslegu verkefnunum. Þeir sögulegu atburðir sem leiddu til þessa farsæla samstarfs, nýlegt sjálfstæði Namibíu og vaxandi þróunarstarf Íslendinga voru nauðsynlegir hnattrænir ferlar til að gera það mögulegt, allt til einstaklinga. Leiðin sem ÞSSÍ fór í Namibíu gafst mjög vel og erfitt er að sjá þann árangur í félagslegum verkefnum eimitt svo góðan sem raun ber vitni án þess sprota sem til hans leiddi í upphafi í vakandi umhverfi.

#### Heimildir:

- Appadurai, Arjun, 2008: Disjuncture and Difference in the Global Cultural Economy. Í Jonathan Xavier Inda og Renato Rosaldo (Ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 47 – 66). Malden: Blackwell Publishing.
- Appadurai, Arjun, 2000: Grassroots Globalization and the Research Imagination. *Public Culture*, 12(1): 1-19.
- Ársskýrslur 1994-2009, Þróunarsamvinnustofnun Íslands 1995-2010
- Björn Dagbjartsson, 2001: Þróunarsamvinnustofnu Íslands, Ágrip af 20 ára sögu, í *Fréttabréfi um þróunarmál*, 29.tbl, 16.árg. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Reykjavík.
- Giddens, Anthony, 1990: The consequences of Modernity, Cambridge, Polity Press
- Green, Linda, 2008: Notes on Mayan Youth and Rural Industrialization in Guatemala. Í Jonathan Xavier Inda og Renato Rosaldo (Ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 101 – 120). Malden: Blackwell Publishing.
- Hannerz, Ulf, 1987: The World in Creolisation. *Africa: Journal of the International African Institute*, 57(4): 546-559
- Held, David, Anthony McGrew, David Goldblatt and Jonathan Perraton, 1999: Global Transformations: Politics, Economics, and Culture. Cambridge, Polity Press
- Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz, 2003: Ísland og Þróunarlöndin, álitgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana, Utanríkisráðuneytið, Reykjavík
- Inda, Xavier Jonathan og Renato Rosaldo, 2008: Tracking Global Flows. Í Jonathan Xavier Inda og Renato Rosaldo (Ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 3 – 47). Malden: Blackwell Publishing.
- Jónas H. Haralz, 1997: Um Þróunarsamvinnu Íslands, Utanríkisráðuneytið
- Macdonald, M. Allyson, 2004: “At Home We are Alone and Sad”, An Evaluation of Social Projects in Namibia supported by ICEIDA 1999-2004, Icelandic International Development Agency, Reykjavík
- Misra, Kavita, 2008. Politico-moral Transactions in Indian AIDS Service: Confidentiality, Rights, and New Modalities of Governance. Í Jonathan Xavier Inda og Renato Rosaldo (Ritstj.), *Anthropology of Globalization, Second Edition* (bls. 433 – 467). Malden: Blackwell Publishing.
- Stiglitz, Joseph E., 2002: Globalization and Its Discontents. Penguin Books
- Unnur Dís Skaptadóttir, 2010: Integration and transnational practices of Filipinos in Iceland. *E-migranter 5*: 36-46
- Vertovec, Steven, 2004: Migrant Transnationalism and Modes of Transformation. *International Migration Review 38* (3):970-1001
- Þórdís Sigurðardóttir, 1993: Nýtt verkefni ÞSSÍ – Lestrarnámskeið í Lüderitz, í *Fréttabréfi um þróunarmál*, 13.tbl, 8.árg. Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Reykjavík..